

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar lagði fram áskorun til þingmanna og ráðherra Suðurlands að styðja sveitarfélagið í því að framkvæmd við byggingu hjúkrunarheimilis sem hefur dregist um mörg ár hljóti framgöngu án frekari tafa.

Bókun bæjarstjórnar er eftirfarandi:

*"Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar harmar þá afstöðu ríkisins sem kemur fram í bréfi heilbrigðisráðuneytisins til Framkvæmdasýslu ríkisins þar sem lagt er til, eftir umsögn fjármálaráðuneytisins, að hafna báðum tilboðum og leitað verði leiða til að draga úr kostnaði framkvæmdarinnar með því að fara nánar yfir forsendur verkefnisins. Verkefnið hefur dregist fram úr hófi á sama tíma hefur byggingarkostnaður hækkað verulega m.a. vegna heimsfaraldurs. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur nú þegar greitt 195,5 m.kr. til verkefnisins sem hefur komið niður á öðrum nauðsynlegum verkefnum. Bæjarstjóri hefur átt samtöl við aðila framkvæmdarinnar og er Framkvæmdasýsla ríkisins að skoða hvaða leiðir eru færar án þess að bjóða þurfi út framkvæmdina á ný. Óskað hefur verið eftir fundi með aðilum verkefnisins hið fyrsta. Bæjarstjórn skorar á þingmenn og ráðherra Suðurlands að styðja Sveitarfélagið Hornafjörð í því að framkvæmdin hljóti framgöngu án frekari tafa. "*